



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

*Alþingi
Erindi nr. þ 138/2223
komudagur 12.5.2010*

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 12. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun, 555. mál

Það er skoðun Læknafélags Íslands að sameining ríkisstofnana sé í eðli sínu góð ef af því leiðir samlegðar áhrif. Hvað varðar ofangreint frumvarp þá fær Læknafélag Íslands hins vegar ekki séð að með sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins í eina stofnun, Vinnumarkaðsstofnun, færi okkur eina öfluga opinbera stofnun um málefni vinnumarkaðarins. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með sameiningu stofnananna megi ætla að betri heildarsýn fáiast yfir verkefni þeirra sem öll varða aðstæður á vinnumarkaði. Læknafélagið fær ekki séð að samþætting náist í verkefnum þar sem verkefni stofnananna eru í eðli sínu ólík.

Vinnueftirlit ríkisins er miðstöð vinnuverndarstarfs hér á landi og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsóknaforvarna. Stofnunin er því forvarnar stofnun sem hefur það markmið að starfsmenn veikist ekki vegna vinnunnar og/eða slasist ekki í vinnu eða vegna vinnu.

Vinnumálastofnun hefur hins vegar það markmið að tryggja að sem flestir hafi atvinnu.

Verkefni Vinnueftirlitsins og Vinnumálastofnunar geta í sumum tilvikum skarast. Sjónarmið vinnuverndar geta gleymst/tapast/fallið í skuggann þegar menn fara að sætta sig við lélaga vinnustaði í þágu þess að tryggja avinnu t.d. í fámennum stöðum úti á landi þar sem einn stór vinnustaður heldur uppi atvinnulífínu.

Hagræðingarsjónarmið svokölluð eða sparnaður eru einu sýnilegu rökin fyrir sameinigu. Eins og fram kemur í umsögn Fjármálaráðuneytis í fylgiskjali er reiknað með 25 m.kr sparnaði vegna lægri stjórnunar og nefndakostnaði. Þessum niðurskurði má án efa ná án sameiningar stofnananna.

Læknafélag Íslands telur mikilvægt að skoða aðra sameiningarmöguleika. Það væri til að mynda hægt að hluta Vinnueftirlitið í sundur og sameina öðrum stofnunum sem vinna annars vegar að forvörnum og hins vegar eftirliti eins og Landlækni/ Lýðheilsustöð, Umhverfisstofnun, Brunamálastofnun o.fl.

Hvað varðar starfsendurhæfingu, sem verður eitt af verkefnum Vinnumarkaðsstofnunar, þá telur Lí mikilvægt að skilgreina betur hvað sé átt við með starfsendurhæfingu, þ.e. hvaða aðilar beri



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

ábyrgð á henni, hvar sú endurhæfing eigi að fara fram, hvernig greina eigi á milli læknisfræðilegrar endurhæfingar og starfsendurhæfingar, o.s.frv.

Skert starfsorka verður vegna heilsubrests og óljóst skv. frumvarpinu hvar aðkoma lækna er til að meta heilsubrestinn og starfshæfnina.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður